

Miðvikudaginn 8. febrúar 1978.

Nr. 92/1976. **Jón V. Jónsson**

(enginn)

gegn

Sindra-Stáli h/f

og gagnsök

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Útivist aðaláfrýjanda. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Héraðsdóm kvað upp Sigríður Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 5. maí 1976. Þegar málið var tekið til munnlegs flutnings í Hæstarétti í dag, var eigi sótt þing af hálfu aðaláfrýjanda. Ber því að fella aðalsök í máli þessu niður, sbr. 39. gr. laga nr. 75/1973.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 28. maí 1976. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeirri breytingu, að stefnufjárhæð verði lækkuð um 1.000 krónur, eða í 6.786.800 krónur. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Lækkun á stefnukröfu gagnáfrýjanda er vegna samlagn-ingarskekkju á einum reikninga þeirra, sem eru grundvöllur málssóknar þessarar.

Engir þeir annmarkar eru á hinum áfrýjaða dómi, er valda því, að kröfur gagnáfrýjanda verði ekki teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir reiknast 13% á ári frá 31. október 1975 til 19. nóvember 1977, en 16% á ári frá þeim degi til greiðsludags. Ber því að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 6.786.800 krónur með 13% ársvöxtum af 4.896.800 krónum frá 31. október 1975 til 3. desember 1975, en af 6.786.800 krónum frá þeim degi til 19. nóvember 1977 og 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Málskot aðaláfrýjanda veitti tilefni til áfrýjunar málsins af hálfu gagnáfrýjanda. Verður honum því dæmdur málskostnaður úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti. Ákveðst málskostnaður alls 700.000 krónur í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Aðalsök í máli þessu fyrir Hæstarétti er felld niður.

Í gagnsök í Hæstarétti greiði aðaláfrýjandi, Jón V. Jónsson, gagnáfrýjanda, Sindra-Stáli h/f, 6.786.800 krónur með 13% ársvöxtum af 4.896.800 krónum frá 31. október 1975 til 3. desember 1975, en af 6.786.800 krónum frá þeim degi til 19. nóvember 1977 og 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Hann greiði gagnáfrýjanda enn fremur 700.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. mars 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. mars 1976, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 3. febrúar sl., af Sindra-Stáli h/f, Hverfisgötu 42, Reykjavík, gegn Jóni V. Jónssyni, Dalshrauni 4, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 6.787.800 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 4.897.800 frá 31. október 1975 til 3. desember s. á., en af kr. 6.787.800 frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera vegna leigu á Nord-Est krana frá stefnanda skv. reikningum, dags. 15. október 1975, að fjárhæð kr. 1.890.000, vegna leigu í ágúst 1975, samkvæmt reikningi, dags. 15. október 1975, að fjárhæð kr. 1.966.600, vegna leigu í september 1975, samkvæmt reikningi, dags. í október 1975, að fjárhæð kr. 2.041.200, vegna leigu í október 1975, og samkvæmt reikningi dags. 3. desember 1975, vegna leigu í nóvember, að fjárhæð kr. 1.890.000. Samtals nemi reikningsfjárhæðir þessar kr. 7.787.800, en stefndi hafi greitt kr. 1.000.000 inn á skuldina þann 30. október 1975. Sérstakur samningur hafi verið gerður milli stefnda og stefnanda um leigukjör og sé sá samningur dags. 28.

júlí 1975, og skv. honum skyldu leigukjör miðast við taxta vita- og hafnarmálaskrifstofunnar, en greiðslur skyldu inntar af hendi af hálfu stefnda skv. greiðsluáætlun Járnblandifélagsins um verk- ið og greiddar beint til stefnanda samhliða greiðslum til stefnda fyrir aðra unna verkþætti. Gjalddagar skv. þessari greiðsluáætlun hafi verið hálfsmánaðar- eða mánaðarlega eftir því sem verkið vannst. Greiðslur til stefnanda hafi ekki verið inntar af hendi á þennan hátt, enda sé Járnblandifélagið ekki aðili að þessum samn- ingi. Þar sem stefndi hafi ekki innt greiðslur af hendi skv. um- sömdum samningsákvæðum og ekki sinnt margítrekuðum greiðslukröfum, hafi það leitt til þess, að hinn leigði krani var stöðvaður af stefnanda þann 12. desember 1975 kl. 1700. Stefndi hafi haft kranann á leigu frá því um mánaðamótin júlí/ágúst 1975 og hafi hann stöðugt verið við vinnu á Grundartanga í Hval- firði á vegum stefnda allt til þess tíma, er stefnandi stöðvaði tæk- ið. Í niðurlagi nefnds samnings á dskj. nr. 3 sé ákvæði um áætlan- ir aðilja um gildistíma o. fl. við samningsgerð. Ekkert hafi þó orðið úr áætlunum þeirra og hafi samningssamband þeirra um leiguna verið óbreytt allt til þess tíma, er stefnandi stöðvaði tæk- ið.

Í stefnu áskilur stefnandi sér rétt til þess að gera kröfu um leiguafnot í desember af krananum, þar sem sú krafa hafi ekki enn verið sett fram. Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 378.600.

Dóminn kvað upp Sigríður Ólafsdóttir.

Dómsorð:

Stefndi, Jón V. Jónsson, greiði stefnanda, Sindra-Stáli h/f, kr. 6.787.800 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 4.897.800 frá 31. október 1975 til 3. desember s. á., en af kr. 6.787.800 frá þeim degi til greiðslu- dags og kr. 378.600 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lög- birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.